

VAXTARSEINKUN

SF mál (symfysis/fundus mál = legbotnshæð) er mikilvægasta skimunaraðferðin sem er notuð til að fylgja eftir fósturvexti og stenst hún tímans tönn, þótt ekki sé hún hátæknileg. Mælingar hefjast eftir 20 vikna meðgöngu.

Oftast fylgir fóstur "sinni" SF kúrfu á vaxtarlínuritinu en ef frávik verða er ómun til nákvæmari greiningar. Ef þreifing vekur grun um ská- eða þverlegu getur það skýrt út frávik á SF mælingu.

Ef þreifing vekur grun um minnkað legvatn er ástæða til ómunar.

Ef fyrri saga um léttbura eða áhættuþætti fyrir vaxtarseinkun þarf ómun.

Ef SF mæling er óbreytt í tvígang eða lækkar (með minnst viku millibili) eftir stöðnun þarf að vísa í ómskoðun.

Meginreglan er að ef fóstur er metið undir 10 centilum eða legvatnsmagn minnkað (oligohydramnion) ákveður fósturgreiningardeild framhaldið með því að gefa nýjan tíma í ómun (flæðismælingu og vöxt). Ef Doppler sýnir óeðlilegt blóðflæði flyst konan í áhættumæðravernd en aðrar konur halda áfram á sinni heilsugæslustöð.

Þótt fóstur sé yfir 10 centilum getur verið ástæða til að fylgja vexti frekar eftir með endurtekinni ómun, t.d. ef það samsvarar sér ekki vel, þ.e. kollur tiltölulega stærri en búkur eða legvatn minnkað.

Þegar sverfur að eykst fylgjuflæði til þeirra líffæra fósturs sem gegna lykilhlutverki í því að lifa af, þ.e. í heilaæðum, kransæðum og til nýrnahetta en minnkar til annarra líffæra sem geta komist af án mikils skaða. Af þessu hlýst svokölluð "brain sparing", þ.e. kollur vex en búkur ekki og minnkað flæði til nýrna getur leitt til minna legvatns.

MÆÐRAVERND ÞRÓUNARSVIÐS HH, ENDURSKOÐAÐ JANÚAR 2015